

Fundargerð

Aðalfundur Þekkingarseturs Vestmananeyja ses. var haldinn þriðjudaginn 29. maí 2020 kl. 10:30 í Heimakletti á 2. hæð í húsnæði þSV að Ægisgötu 2, Vm. Til fundarins var boðað með tölvupósti með tveggja vikna fyrirvara, auglýsingi í Eyjafréttum og síðan ítrekað með tölvupósti til stofnaðila. Mættir á fundinn að meðtöldum umboðum voru fulltrúar frá 27 stofnaðilum þSV sem eru fleiri en undanfarin ár.

Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hann til að Ólafur Elísson yrði kjörinn fundarstjóri og að Páll Marvin Jónsson frkvstj. tæki að sér fundarritun, var það samþykkt. Að því loknu tók fundarstjóri við fundinum og fór yfir boðun hans og dagskrá aðalfundar.

Mætt var fyrir umbjóðendur 71% stofnfjár á fundinn að meðtöldum umboðum frá stofnaðilum. Fundarstjóri lýsti aðalfundinn löglegan og að boðað hafi verið til hans með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara eins og samþykktir þSV kveða á um.

Því næst var gengið til dagskráar.

1.mál. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra þSV

Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar þSV fór yfir starfsemi stjórnar og félagsins árið 2019. Fram kom í máli Arnars að árið hafi verið viðburðaríkt í starfsemi þSV og ekki síður sá tími sem liðinn er af árinu 2020. Fram kom í máli formanns að um sama leiti og aðalfundur þSV fór fram í lok apríl 2019 flutti starfsemi fiskasafns Sæheima af Heiðarvegi í nýtt og stærra húsnæði hér á jarðhæð Ægisgötu 2 og SEA-LIFE sem er í eigu alþjóðafyrirtækisins Merlin tók við rekstrinum. Þá kom fram að þSV hefði ekki sóst eftir því að halda rekstri Sagnheima áfram, eftir að samningurinn rann út í lok árs 2019.

Fór Arnar í stuttu máli yfir hin ýmsu verkefni stjórnar og framkvæmdaráðs. En árið var annasamt og mörg spennandi verkefni í gangi sem stjórn og Framkvæmdaráð þSV kom að. En þar má nefna kaup á nýjum rannsóknarbát, leiga og umsjón með aðstöðu fyrir Lista- og menningarfélag Vestmannaeyja að Strandvegi 50 og vinnu við stöðugreiningu og stefnumótun þSV. Arnar kom einnig inná þá vinnu sem er framundan sem tengjast nýtingu og möguleikum í 3ju hæðinni að Ægisgötu 2 sem eru í eigu Vm.bæjar og áform eru um að nýta í frekari uppbyggingu á þekkingarsamfélagini í Eyjum.

Formaður kom einnig inn á erindi frá Páli Marvin Jónssyni, frkvstj. um ósk hans um launalaust leyfi frá störfum sem framkvæmdastjóri frá 1. júní 2020- 31. mars 2021. Stjórnin fellst á erindið og fóli formanni og varaform. stjórnar að ræða við Pál Marvin og starfsfólk þSV til að breytingin gangi sem best fyrir sig. Stjórn þSV þarf síðan að gera ráðstafanir hvernig þessi tími verði best brúaður og mun það skýrast á næstunni. Páll Marvin hefur verið framkvæmdastjóri þSV frá stofnun 23. janúar 2008. Frá ársþyrjun 1995 – 2007 var hann starfsmaður Háskóla Íslands í Eyjum og hóf störf frá næra sama tíma og flutt var inn í Strandveg 50 – Hvítá Húsið og stýrði Samstarfsnefnd HÍ og Vm.bæjar og síðar Rannókna- og fræðasetrinu þar til þSV var stofnað.

Að endingu þakkaði formaður stjórn og starfsfólk ÞSV fyrir gott samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Páll Marvin Jónsson, frkvstj. fór yfir starfsemi þSV árið 2019. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að með þekkingarsetrinu eru 16 fyrirtæki og stofnanir að nýta aðstöðuna með yfir 30 starfsmönnum auk nemenda og aðstöðunni hafi verið sýndur mikill áhugi af aðilum sem sjá tækifæri í að starfa innan þSV.

PM
JULI

Páll Marvin kom einnig inn á þátt þSV í að finna Lista- og menningarfélagi Vestmannaeyja aðstöðu í húsnæði bæjarins og Visku að Strandvegi 50 en alls eru þar nú um 30 aðilar sem leiga aðstöðu fyrir ýmiskonar listsþópun og hannyrðir og með þessu framtaki hafi orðið til samstarfsvettvangur eða klasi aðila innan listsþópunar og skapandi greina. Páll fór yfir stöðuna varðandi mjaldrana og aðkomu þSV að verkefninu.

Páll kom inn á að samningaráði Vestmannaeyjabæ um rekstur safnanna voru ekki endurnýjaðir líkt og áfórmáð var með Sæheima en ekki þótti hagkvæmt fyrir þSV að halda áfram rekstri á einu safni og því sóttist þSV ekki eftir endurnýjun á samningi varðandi rekstur Sagnheima. Þekkingarsetrið tók við rekstri Sæheima árið 2010 og Sagnheima 2011 og voru safnstjórar safnanna Helga Hallbergsdóttir fyrir Sagnheima og Margrét Lilja Magnúsdóttir fyrir Sæheima kvaddir með virtum við athöfn þann 17. maí 2019.

Páll þakkaði að lokum stjórn og framkvæmdaráði fyrir gott samstarf á árinu og þá sérstaklega starfsfólki þSV og samstarfsfólki hjá öðrum fyrirtækjum og stofnunum á hæðinni fyrir ánægjulegt samstarf.

Vísað er til Árskýrslu þSV 2019 sem er að finna á heimasíðu þSV – www.setur.is – en þar má sjá skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra í heild sinni.

2. mál Ársreikningur þSV 2019

Hafsteinn Gunnarsson endurskoðandi hjá Deloitte fór yfir ársreikning þSV 2019. Rekstrartekjur námu 114,8 millj. kr., á móti 124,5 millj. kr. 2018. Helstu ástæður eru að rekstri Sæheima var hætt á í apríl 2019 og skilaði því mun minni tekjum á Safnasviði. Fjármagnstekjur nettó námu 0,8 millj. **Heildatekjur 115,6 millj. kr. Rekstrargjöld námu 113,8 millj. kr. og afskriftir 3,6 millj. kr., heildargjöld 117,4 millj. kr. Niðurstaða ársins rekstrartap 1.745.770 kr., en var 6.483.039 árið 2018.**

Niðurstaða efnahagsreiknings 31. des. 2019 var kr. 73.829.071, þar af eigið fé 58.715.131.

3. mál. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Töluluverðar breytingar urðu á stjórn þSV á síðasta aðalfundi en borin var upp tillaga að óbreyttri stjórn og varastjórn 2020-2021 og ný stjórn samþykkt með lófaklappi. Stjórn og varastjórn þSV fyrir komandi starfsár er eftirfarandi:

*Arnar Sigurmundsson, frkvstj. form. stjórnar Visku
Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor á umhverfis- og auðlindasviði HÍ
Ívar Atlason, svæðisstjóri HS-veitna
Njáll Ragnarsson, útibússtjóri Fiskistofu
Páll Guðmundsson, frkvstj. Hugins ehf
Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar
Sæunn Stefánsdóttir, forstöðum. Fræðasetra Háskóla Ísl.*

Í varastjórn voru endurkjörin

Örvar Guðni Arnarson, fjármálastjóri Ísfélags Vm. hf. og Guðný Óskarsdóttir, varaform. Drífandi Stéttafélags.

Deloitte var endurkjörið sem endurskoðandi þSV.

*RK
AB*

4. mál. Þóknun til stjórnar og endurskoðanda

Aðalfundurinn samþykkti tillögu um þóknanir til stjórnarmanna, kr. 100 þús. á mann fyrir liðið starfsár og 20 þús. kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund. Formaður fær tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag á þóknun stjórnarmanns, en þeir sitja báðir í framkvæmdaráði PSV og er ekki frekar en áður greidd þóknun fyrir setu í framkvæmdaráði PSV. Varastjórn fær kr. 20 þús. fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Haldnir voru sex formlegir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi PSV, en framkvæmdaráð hélt fjölmarga fundi. Eru þetta sömu þóknanir og gr. hafa verið undanfarin ár. Tillagan var samþ. mótt atkvæðalaust.

5. mál. Breytingar á samþykktum PSV

Fyrir lá tillaga frá stjórn PSV um breytingar á samþykktum PSV sem eru að stofni til frá 2008 með breytingum 2011. Formaður stjórnar gerði grein fyrir tillögum en þær ásamt skýringum höfðu jafnframt verið sendar til stofnaðila fyrir fundinn.

1.gr. Á aðalfundi PSV 23. apríl 2019 var samþykkt að breyta 1. gr. **og færa lögheimili þekkingarselurs Vestmannaeyja ses. að Ægisgötu 2, 900 Vestmannaeyjum, í stað Strandvegur 50., Vestmannaeyjum.**

5.gr. Síðasta málsgrein verði: **Í framkvæmdaráði PSV (í stað framkvæmdastjórn) eiga sæti formaður, varaformaður. og framkvæmdastjóri PSV.**

Skýring: Tíðkast hefur að nota orðið framkvæmdaráð í stað framkvæmdastjórn og er hér lagt til að komi fram í samþykktum PSV.

Breytt 8. grein í stað eldri þar sem fjallaði um Vísindaráð í samþykktum PSV:

8.gr. **Stjórn PSV tilnefnir árlega 10 einstaklinga af báðum kynjum til setu í Vísinda- og tækniráði sem verður stjórn til ráðgjafar á sviði vísinda, mennta og tækni sem tengjast sérsviðum PSV.** Af þessum 10 manna hópi skulu tveir koma úr hópi stjórnar og varastjórnar PSV og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Aðrir fulltrúar í ráðinu skulu valdir úr hópi vísinda-, mennta- og tæknifólks innanbæjar og utan og með mismunandi bakgrunn.

Hlutverk Vísinda- og tækniráðs skal vera ráðgefandi fyrir stjórn PSV við stefnumörkun, framkvæmd og leiðir í stefnu og starfsemi PSV. Ráðið fundar einu sinni á ári eða oftar og heldur fundargerðir sem lagðar verða fyrir stjórn PSV til umfjöllunar. Framkvæmdastjóri PSV undirbýr fundi ráðsins í samráði við formann þess og situr fundi ráðsins.

Samþykktum PSV má aðeins breyta á ársfundi og þarf að vera mætt fyrir 2/3 hluta stofnaðila að lágmarki. Til að samþykktabreyting nái fram að ganga þarf hún 2/3 greiddra atkvæða ásamt samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir.

Fundinum hafði borist umboð sem fundarmenn fóru með frá nokkrum stofnaðilum sem allir samþykktu breytingartillöguna. Fundarstjóri las upp afstöðu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem heldur á tæplega 8% af stofnfé og óskaði fundarstjóri eftir að afstaða ráðuneytisins væri færð sérstaklega til bókar og stafestist það hér með að ráðuneytið er samþykkt þeim breytingartillögum sem lágu fyrir fundinum.

Tillögurnar um breytingar á samþykktum PSV voru síðan bornar upp í einu lagi og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum sem voru fyrir um 79% stofnfjár í heild.

RH
BBJ

6. mál. Rekstraráætlun þSV 2020

Páll Marvin Jónsson, frkvstj. gerði grein fyrir rekstraráætlun 2020. En helstu breytingar milli ára eru að safnasvið dettur út og heildar rekstur verður því nokkuð lægri en 2019. Rekstrinum verður skipt upp í Safnasvið og Kjarnasvið og eru heildartekjur áætlaðar 102,8 milljónir og afkoma ársins áætluð jákvæð um 0,8 milj. kr. Kom fram í máli framkvæmdastjóra að rekstraráætlun var unnin og samþykkt í stjórn í byrjun febrúar sl. og því unnin fyrir COVID og má gera ráð fyrir einhverjum breytingum, þar sem að COVID hafði töliverð áhrif og jafnframt gæti orðið seinkun á vinnslu á ákveðnum verkefnum sem hefðu annars skilað starfseminni tekjum á árinu.

Páll ræddi því næst stöðu verkefna og áform Háskóla Íslands að opna hér aftur fræðasetur Háskóla Íslands en búið er að ráð Filipu Samöru hjá HÍ til að leiða þá vinnu en hún hefur unnið að rannsóknnum á háhyrningum í samstarfi Þekkingarsetur Vestmannaeyja allt frá árinu 2007.

7. mál. Náttúruauður og sjálfbær framtíð

Brynhildur Davíðsdóttir, professor í Umhverfis- og auðlindafræði við HÍ flutti erindi sem bar yfirskriftina „Náttúruauður og sjálfbær framtíð“. Erindið var bæði fræðandi og virkilega áhugavert. Brynhildur sagði frá rannsóknarverkefnum sem hún og samstarfsfólk hennar við HÍ er að vinna og tengdi við samfélagið hér í Eyjum. Að erindinu loknu svaraði Brynhildur spurningum fundargesta. Fram kom í máli Njáls Ragnarssonar stjórnarmans þSV og formanns bæjarráðs Vestmannaeyjabæjar að bæjarstjórn Vm. hafi á fundi sínum í gær samþykkt að ráðast í gerð Umhverfis- og auðlindastefnu og í kjölfarið voru ræddar hugmyndir að samstarfi þar um. Fundarmenn þökkuðu síðan gott erindi með lófaklappi.

8. mál. Önnur mál

Undir liðnum önnur mál ræddi Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands og sagði frá áformum Háskóla Íslands í að opna að nýju starfsstöð Háskóla Íslands í Vm. Í máli Sæunnar kom fram að Eyjamenn væru í raun að fá two fyrir einn þar sem með Filippum Samöru sem hefur verið ráðin til starfsins kemur eiginmaður hennar Paul Wensveen sem er einnig með doktors-gráðu í líffræði og sérhæfir sig í hvalarannsóknum líkt og Filipa. Sæunn lagði áherslu á að mikilvægt væri að tryggja áframhaldandi fjármögnun á starfseminni en nú er reksturinn aðeins tryggður til eins árs.

Einnig undir liðnum önnur mál hvað Erpur Snær Hansen, forstöðum. Náttúrustofu Suðurlands, sér hljóðs þar sem að hann lýst ánægu yfir því að Vm.bær skuli vera að fara í gerð Umhverfis- og auðlinda-stefnu. Jafnframt kom fram í máli Erps að áhugavert væri að skoða það hvort Vestmannaeyjabær hefði áhuga á að sækja um að gerast Bláfánahöfn sem er einskonar vottun á hreinleika hafna.

Að endingu þakkaði Arnar Sigurmundsson form. stjórnar, fundarstjóra og fundarmönnum fyrir góðan og upplýsandi fund og þakkaði jafnframt stjórn og starfsfólk þSV fyrir gott samstarf á starfsárinu.

Fleira var ekki bókað - Fundi slitið kl. 12:30

Ólafur Elísson, fundarstjóri

Páll Marvin Jónsson ritaði fundargerð.

Samþykktir
fyrir
Þekkingarsetur Vestmannaeyja

1. grein

Nafn og heimilisfang

Stofnunin heitir **Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses.** (þSV) kt. 530308-1380 og er sjálfseignarstofnun sem rekur rannsókna- og fræðasetur í Vestmannaeyjum. Heimilisfang stofnunarinnar er að **Ægисgötu 2**, Vestmannaeyjum.

2. grein

Tilgangur

Tilgangur Þekkingarseturs Vestmannaeyja er að stuðla að aukinni almennri þekkingu sem stuðli að uppbyggingu og fjölbreyttu atvinnulífi í Vestmannaeyjum, bæjarfélagini til heilla, með fræðslustarfí, eflingu háskólamenntunar, vísindarannsóknum og nýsköpun. Allt sem Þekkingarsetrið vinnur að skal gert á grundvelli tilgangs stofnunarinnar og markmiða og skal verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla.

Eftirfarandi markmið eru sett fram til að ná tilgangi með starfseminni:

Markmið Þekkingarseturs Vestmannaeyja eru að:

- a) Vera miðstöð öflugrar rannsóknar- og þróunarstarfsemi í Vestmannaeyjum.
- b) Efla samstarf við nýsköpun og rannsóknir milli fyrirtækja og mennta- og rannsóknastofnana í Vestmannaeyjum og utan þeirra.
- c) Bjóða framúrskarandi rannsóknaraðstöðu og aðstoð við innlenda og erlenda nemendur og vísindamenn.
- d) Bjóða fullkomna aðstöðu fyrir símenntun og fullorðinsfræðslu í Vestmannaeyjum.
- e) Bjóða fyrirmynadar aðstöðu til vettvangsnáms og fjarnáms fyrir háskólanemendur.
- f) Stuðla að miðlun þekkingar til almennings, háskólanema og sérfræðinga, m.a. með því að halda ráðstefnur og námskeið og gefa út fræðslu- og rannsóknarit.
- g) Fjölga stofnunum og fyrirtækjum í Þekkingarsetrinu og hafa frumkvæði að þróun samstarfsverkefna sem þeim tengjast.
- h) Hafa frumkvæði að rannsókna- og þjónustuverkefnum á sérvíði Þekkingarsetursins, svo sem; við stofnun miðstöðvar sem annast rannsóknir á lífríki sjávar, mati á umhverfisáhrifum og þróunarverkefnum í vinnslu matvæla í Vestmannaeyjum.
- i) Taka mið af sérstöðu byggðarlagsins til rannsókna á lífríki sjávar og á náttúru í og umhverfi Vestmannaeyja.
- j) Vinna með stofnunum og fyrirtækjum Þekkingarsetursins og bæjarfélagsins að þróun og eflingu þeirrar starfsemi sem þar er stunduð.
- k) Kynna starfsemi Þekkingarsetursins út á við og afla fjármagns og samstarfsaðila innanlands og utan.

RMS
JLH

3. grein
Stofnfé og ábyrgð

Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses. er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999. Stofnframlag í Þekkingarsetrinu er kr. 7.700.000, krónur sjö milljónir og sjö hundruð þúsund 00/100. Stofnanir, félög og fyrirtæki sem í rekstri sínum fást við rannsóknir, fræðslu, nýsköpun eða þjónustu sem nýtast og eru í samræmi við tilgang stofnunarinnar geta orðið aðilar að Þekkingarsetrinu. Stofnfé er einungis hægt að inna af hendi með reiðufé.

Þekkingarsetrið ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er það kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar eða félagsmönnum sem síðar hafa lagt fram stofnfé.

Þekkingarsetur

kt	Stofnaðilar	Stofnfé
440169-5119	Bergur ehf.	200.000
560493-2159	Dala-Rafn ehf.	200.000
621200-3640	Drifandi stéttarfélag	300.000
531202-3410	Fjöltækniskóli Íslands	200.000
660381-0159	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	200.000
421289-8249	Glitnir - banki hf	300.000
59059-34199	Gæfa ehf	100.000
590169-4989	Hafrannsóknastofnunin	200.000
520687-1229	Háskólinn á Akureyri	200.000
550269-0239	Háskólinn á Bifröst	300.000
500169-4359	Háskólinn á Hólum	100.000
510154-0190	Háskólinn í Reykjavík	200.000
680475-0169	Hitaveita Suðurnesja hf	200.000
600169-2039	HÍ stofnun fræðasetra	200.000
640169-6139	Huginn ehf.	200.000
650169-1079	Iðnaðarráðuneytið	300.000
660169-1219	Ísfélag Vestmannaeyja hf	200.000
690169-2159	Kennaraháskóli Íslands	200.000
601200-3170	Kæja ehf	50.000
420269-0649	LÍÚ	200.000
670906-0190	Matis ohf.	300.000
441096-2089	Náttúrustofa Suðurlands	200.000
580607-0710	Nýsköpunarmiðsöð Íslands	300.000
550371-0659	Ós ehf	200.000
581004-2650	Rannsóknabjónusta Vestmannaeyja ehf	100.000
500506-0240	Reykjavíkur Akademían	100.000
480775-0159	Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi SASS	150.000
570269-1869	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	300.000
610269-5839	Sparisjóður Vestmannaeyja	300.000
550371-0309	Stígandi ehf.	200.000
690393-2989	Tölvun ehf	100.000
440208-0100	Ufsaberg ehf	200.000
690269-0159	Vestmannaeyjabær	300.000
700269-3229	Vinnslustöðin hf	300.000
700594-2039	Vinnumálastofnun	300.000
630103-2230	Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð	300.000

7.700.000

RMD JAS.

4. grein

Tekjur og meðferð hagnaðar og taps

Tekjur Þekkingarsetursins auk vaxta af stofnframlagi, eru framlög aðila að Þekkingarsetrinu, opinber framlög, styrkir, tekjur af þjónustu og annað sjálfsaflafé. Tekjum og eignum Þekkingarsetursins má eingöngu verja í samræmi við tilgang og markmið þess.

Verði hagnaður af rekstri stofnunarinnar skal honum eingöngu ráðstafað til samræmis við tilgang og markmið stofnunarinnar til almenningsheilla. Ákvæði VI. kafla laga nr. 33/1999 um sjálfseignastofnanir í atvinnurekstri skulu höfð til hliðsjónar við ráðstöfun hagnaðar.

Verði tap á rekstri stofnunarinnar skal stjórnin taka tillit til tapsins við þau verkefni sem stuðningur er við hverju sinni. Verði tap á rekstri stofnunarinnar sem gengur á stofnfé hennar skal taka til umræðu á næsta ársfundi hvernig bregðast skuli við því.

5. grein

Stjórn og framkvæmdaráð

Stjórn Þekkingarsetursins skal skipuð sjö aðalmönnum og tveimur varamönnum til eins árs í senn. Stjórnarmenn og varamenn skulu vera fulltrúar stofnfjáraðila. Skal samsetning stjórnar endurspeglar aðild þessara stofnana, félaga og fyrirtækja að Þekkingarsetrinu. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann og varaformann sem jafnframt er ritari stjórnar.

Stjórnin er ábyrg gagnvart stofnaðilum og félagsaðilum sem síðar leggja fram stofnfé um faglegt starf og rekstur Þekkingarsetursins og ber ábyrgð á virkum tengslum þess við rannsókna- og fræðastarfsemi eftir því sem við á. Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir stofnunina og undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn Þekkingarsetursins stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Hún skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Meirihluti stjórnar ritar firmað.

Í framkvæmdaráði eiga sæti formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri Þekkingarsetursins.

6. grein

Fundir stjórnar

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála.

Halda skal fundargerðarbók og skulu færðar í hana allar bókanir, ályktanir, ákváðanir og niðurstöður funda stjórnar, framkvæmdastjórnar og ársfundar.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri getur krafist stjórnarfunda. Stjórnarfundi skal boða með tryggilegum hætti með a.m.k. 5 daga fyrirvara og er stjórnarfundur lögmætur ef meirihluti stjórnar mætir.

7. grein

Framkvæmdastjóri

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra Þekkingarsetursins og ákveður laun hans og starfskjör. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt samþykktum Þekkingarsetursins, ráðningarsamningi og starfslýsingu. Hann framfylgir stefnu og ákvörðunum stjórnar. Hann annast daglegan rekstur Þekkingarsetursins og fer jafnframt með fjármál og reikningshald þess í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi í samráði við stjórnarformann og situr þá með málfrelsi og tillögurétti. Framkvæmdastjóri skal halda mánaðarlega fundi með forstöðumönnum innan Þekkingarseturs.

8. grein

Vísinda- og tækniráð

Stjórn ÞSV tilnefnir árlega 10 einstaklinga að báðum kynjum til setu í Vísinda- og tækniráði sem verður stjórn til ráðgjafar á sviði vísinda, mennta og tækni sem tengjast sérsviðum ÞSV. Af þessum 10 manna hópi skulu tveir koma úr hópi stjórnar og varastjórnar ÞSV og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Aðrir fulltrúar í ráðinu skulu valdir úr hópi vísinda-, mennta- og tæknifólks innanbæjar og utan og með mismunandi bakgrunn.

Hlutverk Vísinda- og tækniráðs skal vera ráðgefandi fyrir stjórn ÞSV við stefnumörkun, framkvæmd og leiðir í stefnu og starfsemi ÞSV. Ráðið fundar einu sinni á ári eða oftar og heldur fundargerðir sem lagðar verða fyrir stjórn ÞSV til umfjöllunar. Framkvæmdastjóri ÞSV undirbýr fundi ráðsins í samráði við formann þess og situr fundi ráðsins.

9. grein

Þátttaka í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum

Þekkingarsetrinu er heimilt að taka þátt í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum í því skyni að efla nýsköpun í atvinnulífi Vestmannaeyja, enda sé um að ræða hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða önnur félög með takmarkaða ábyrgð sem stunda framleiðslu og sölu í því skyni að miðla, þroa og hagnýta niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem Þekkingarsetrið vinnur að hverju sinni. Framlag Þekkingarsetursins til þessara félaga er að öllu jöfnu í formi sérfraðivinnu eða þekkingar sem hægt er að breyta í hlutafé. Samþykki 2/3 atkvæða á stjórnarfundi þarf til að samþykkja slíka aðild.

10. grein

Ársfundur

Ársfundur Þekkingarsetursins skal haldinn fyrir lok maí. Ársfundinn skal boða með trygglegum hætti og að lágmarki með tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá ársfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur ÞSV
3. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.
4. Þóknun til stjórnarmanna.
5. Umræða um ráðstöfun hagnaðar eða taps.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum ÞSV.
7. Starfs- og rekstraráætlun yfirstandandi árs.
8. Önnur mál.

Á ársfundi Þekkingarsetursins eiga rétt til setu, fulltrúar stofnaðila og félagsaðila sem síðar hafa lagt fram stofnfé. Fer hver aðili með eitt atkvæði. Þá eiga forstöðumenn stofnana og fyrirtækja sem starfa innan Þekkingarsetursins og fulltrúar í ráðum og nefndum á vegum þess, rétt til setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti.

11. grein

Reikningsár

Reikningsár Þekkingarsetursins er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 1. apríl eftir lok síðasta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Senda skal endurskoðaða reikninga til Ríkisendurskoðunar að loknum ársfundi ef þess er óskað.


12. grein

Breyting samþykkta, slit félags og úrsögn

Samþykktum þessum má aðeins breyta á ársfundi Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Þekkingarsetri Vestmannaeyja ses. verður aðeins slitið eða það sameinað annarri stofnun með ákvörðun á ársfundi skv. 36. gr. laga nr. 33/1999 eða á sérstökum fundi stofnaðila.

Verði starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. hætt og hún lögð niður skal eignum hennar varið til eflingar háskóla- og rannsóknastarfsemi í Vestmannaeyjum í samræmi við tilgang og markmið stofnunarinnar. Þar sem ákvæði samþykkta þessara ná ekki til um hvernig skuli með farið, skal hlíta ákvæðum laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

Samþykkt á aðalfundi Þekkingarseturs Vestmannaeyja 29. maí 2020, undir samþykktirnar rita fundarstjóri og fundarritari.



Ólafur Elísson, fundarstjóri



Páll Marvin Jónsson, fundarritari